

Fjaran við Garðskagavita

Sjávarföll og hiti

- Breytileg mörk lands og sjávar ganga undir nafninu fjara.
- Sjávarföll eru mjög regluleg og breytast eftir stöðu tunglsins og sólarinnar. Áhrif þyngdartogs tunglsins eru um helmingi meiri en áhrif sólar.
- Þegar sjávarmálið er hæst er talað um flóð eða háflóð.
- Eftir háflóð fer sjávarborðið að lækka og þá er talað um útfall eða að það sé að fjara út. Það tekur sjávarborðið um 6 klukkustundir og 15 mínútur að fara í lægstu stöðu.
- Þá er talað um fjöru, lágfjöru eða háfjöru.
- Sjávarföll breytast eftir tunglstöðu. Stórstreymi verður þegar tunglið er fullt en um viku eftir stórstreymi er talað um að það sé smástreymt.
- Munur flóðs og fjöru á meðalstórstreymi er yfirleitt á bilinu 3,3 -3,8 metrar.
- Þessi breyting á yfirborði fjörunnar veldur því að umhverfi hennar er á margan hátt sérstakt og plöntur og dýr þurfa að vera rétt í stakk búin til að takast á við þessar miklu en reglulegu breytingar.
- Sjávarhiti við Ísland er hæstur við suðvestanvert landið. Hann er að jafnaði hæstur í ágúst eða í kringum 12°C.
- Þetta háa hitastig veldur því að ýmsar tegundir dýra og plantna finnast aðeins í fjörum suðvestanlands.

Gróðurinn

- Fjaran á Garðskaga er blanda af þangfjöru og setfjöru.
- Þangfjörur eru einkennandi fyrir íslenskar fjörur og lang útbreiddasta fjörugerð á Íslandi. Sandfjörur eru þó frekar ríkjandi á suðurströnd landsins.
- Þörungur- og dýralíf er mjög auðugt í þangfjörum þar sem þangið veitir bæði skjól og fæðu.
- Þörungur eru samheiti fyrir gróður sjávar. Þeim er skipt í tvo hópa: plöntusvif og botnþörungur.
- Botnþörungur í fjörum eru helst þang og þari. Sumir þörungur eru þó hvorki þang né þari – til dæmis söl og maríusvunta.
- Helstu þangtegundir eru dvergþang, klapparþang, bólupang, skúfþang og sagþang.
- Þari eru stórir, áberandi brúnþörungur sem að mestu vaxa neðan við lágfjörumörk og neðst í fjörunni – beltisþari, hrossaþari og stórþari.
- Þari er festur við botninn með þöngulhaus og upp af honum er stilkur (þöngull) og af stilknum vex blaðka.
- Algengar en minna áberandi þörungategundir í fjörum eru til dæmis þangskegg, söl, fjörugrös, sjávarkræða og kóralþang – allt rauðþörungur.
- Ofan við þangbeltið vaxa oft ýmsir smávaxnir grænþörungur sem mynda sliktu eða ló á steinum. Þar er þó flétta sem kallast fjöruverta einna mest áberandi. Hún myndar svartar skellur á klöppum og steinum.

Dýrin

- Sjávarlífverur ráða ríkjum í fjörunni en dýr í þangfjörum eru mun minna áberandi en gróðurinn.

- Skeldýr eru algengust allra dýra í fjörum við Ísland og víðast hvar erlendis.
- Kræklingur finnst nánast hvar sem er af því að hann gerir litlar kröfur til umhverfisins.
- Krabbar finnast bæði í fjöru og á sjávarbotni neðan fjöru. Bogkrabbinn er algengastur en þar er líka oft hægt að finna kuðungakrabba (einbúakrabba).
- Bogkrabbar hafa 10 fætur og þar af eru tveir notaðir sem klær til varnar og fæðuöflunar.
- Nákuðungur getur verið áberandi í þangfjörum.
- Í þanginu er svo oft mikið af þangdoppum, mærudoppum, mæruskel, kúfstrútum, þarastrútum og gljásilfrum í þörungunum.
- Mjög mikið örsmárra dýra finnst einnig í fjörunni – krabbaflær, þráðormar og sjómaurar til dæmis sem öll eiga uppruna sinn í sjónum.
- Hryggdýr má einnig finna í fjörunni – sprettfiska, hrognkelsaseiði, hornsíli og fleiri.
- Þegar steinum í fjörunni er velt er varla hægt að komast hjá því að sjá yfirborðið iða af lífi. Dýrin sem forða sér í flýti til skjóls eru mestmegnis marflær.
- Þær skýla sér fyrir þurrki og afráni undir steinum í fjörunni. Marflær þurfa raka og lifa aðeins í stuttan tíma á þurru.

Fuglarnir

- Reykjanesskaginn er einn af betri stöðum landsins til fuglaskoðunar.
- Við Garðskagavita er hægt að sjá flest allar sjófuglategundir sem finnast á Íslandi enda er vitinn nálægt fiskimiðum og fæðusvæðum sjófugla.
- Mikið safnast af uppreknu þangi við Garðskagavita sem dregur að sér vaðfugla.
 - Sendlingar röлта um þangið í leit að æti.
 - Tildrur kasta til uppreknu þangi og moka upp í sig þangflugulirfum.
 - Sanderlur hlaupa um í flæðamálinu og tína upp allt ætilegt sem rekur á land.
 - Stelkar, spóar, lóuprælar, sandlóur og tjaldar spígspora um í steinum eða á sandi að tína upp smádýrin milli steina og ofan í setinu.
- Hettumáfar, ritur, bjartmáfar, hvítmáfar, silfuramáfar, sílamáfar og svartbakar fljúga um í leit að æti á sjó og landi.
- Æðafuglar, langvíur, urtendur og stokkendur kafa og busla eftir lindýrum og fleiru af botninum.
- Himbrimar, lómar, toppendur og skarfar eru oft nálægt landi í leit að smáfiskum.
- Langvíur, álkur, teistur og lundar sjást utar í stórum hópum á flugi og á sjó.
- Súlnaköst eru algeng nálægt landi frá vori og út haustið.
- Flækingsfuglar eru líka algengir á þessum slóðum. Þeir eru oft við tjarnirnar í Garði og við fjörunnar á milli Garðskagavita og Sandgerðis.